


Leiðbeiningar um stofnun Netdreifingar

Það er einfalt að stofna Netdreifingu í netbankanum þínum, hvort sem um er að ræða nýja áætlun frá grunni eða áætlun byggða á þeirri útgjaldadreifingu sem þú hefur verið með hjá þínu útibúi.

Netdreifingu er skipt upp í þrjú skref og áætlun stofnast ekki fyrr en skrefi 3 er lokið og staðfestingu skráningar er lokið. Hægt er að nálgast stutta og hnitmiðaða hjálp víðsvegar á leiðinni með því að setja músarbendilinn yfir þetta merki  þar sem það birtist.

Þú getur skráð þig út úr netbankanum hvenær sem er og komið aftur og haldið áfram að vinna með áætlunina þaðan sem frá var horfið.

1. Hefja Netdreifingu

Eftir skráningu inn í netbankann er valið „Greiðsluþjónusta“ vinstra megin á síðunni.


Ef þú ert ekki nú þegar með útgjaldadreifingu skaltu lesa lið 1.2

1.1 Viðskiptavinir sem eru í útgjaldadreifingu

Þeir sem eru í útgjaldadreifingu hjá sínu útibúi geta valið um það að búa til áætlun byggða á þeirri áætlun eða búa til nýja áætlun frá grunni.

Mælt er með því að byggja nýja áætlun á þeirri sem fyrir er nema um miklar breytingar á útgjaldaliðum sé að ræða. Þó að ný áætlun sé byggð á fyrri áætlun þá þarf að fara yfir hana og tryggja að áætlaðar upphæðir, reglulegur sparnaður og útgjaldamánuðir séu réttir. Auðvelt er að bæta við áætlunina og breyta henni ef þarf.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvað þarf að velja til að breyta útgjaldalið eða bæta við millifærslu og greiðsluseðli.



Til að bæta greiðsluseðli eða millifærslu við áætlun er valið hér

Netdreifing - Útgjaldaliðir (skref 1 af 3)









Þegar öll útgjöld hafa verið skráð getur þú haldið áfram í skref 2. Ef þú ert þegar skráð(ur) og hefur eingöngu hug á að endurnýja öbreytta áætlun, smeltu þá á Áfram í skref 2.



Hjálp


Útgjaldaliðir Áætlun Staðfesta

Bæta við greiðsluseðli Bæta við millifærslu Afturkalla útgjaldaliði

Til að breyta upphæðum og/éða mánuðum er þetta tákn valið

Útgjaldaliðir	Skýring	Viðtakandi	Greiðslumánuðir	Meðalgr. á mán.	Samtals á ári	Aðgerðir
Bifreiðagjöld	Ríkissjóðstekjur, innheimta	~ F ~ ~ ~ ~ ~ Á ~ ~ ~ ~ ~	2.445 kr.	29.340 kr.	 	
Fasteignagjöld	Kópavogsbær	~ F M A M J J A ~ ~ ~ ~ ~	12.833 kr.	154.000 kr.	 	
Hiti og Rafmagn	Orkuveita Reykjavíkur	J F M A M J J A S O N D	7.500 kr.	90.000 kr.	 	
Tryggingar	Vátryggingafélag Íslands hf	~ ~ M ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~	14.052 kr.	168.630 kr.	 	
Samtals			36.830 kr.	441.970 kr.		

=Greiitt í mánuðinum =Ekki greiitt í mánuðinum  =Breyta útgjaldalið  =Taka út útgjaldaliði

Gildistími áætlunar 

Áætlun til 12 mánaða Breyta gildandi áætlun

Áfram í skref 2 >>

Þú getur einnig eytt útgjaldalið. Þegar þú hefur staðfest það hverfur sá útgjaldaliður af listanum. Hægt er að afturkalla breytingu ef útgjaldalið hefur verið ranglega eytt. Þá er valið „Afturkalla útgjaldaliði“ eins og sjá má á myndinni hér að ofan.

1.2 Nýir viðskiptavinir

Ef þú hefur ekki verið í útgjaldadreifingu áður færðu svona mynd þegar þú opnar Netdreifingu í fyrsta sinn í netbankanum:

Netdreifing - Útgjaldaliðir (skref 1 af 3)

Hjálp



Velkominn í Netdreifingu. Til að byrja að setja upp áætlun veldu þá "Bæta við greiðsluseðli". Við viljum benda þér á Spurt og svarað um Netdreifingu ef þú þarft aðstoð að halda.

Útgjaldaliðir Áætlun Staðfesta

Bæta við greiðsluseðli Bæta við millifærslu Afturkalla útgjaldalið

Hér er hægt að velja hvort bæta eigi við greiðsluseðli eða millifærslu. Skoðum það nánar í kafla 2.

2. Að setja inn útgjaldaliði í Netdreifingu

2.1 Að bæta við greiðsluseðli

Þegar valið er að bæta við greiðsluseðli færðu upp mynd eins og þessa hér fyrir neðan. Á listanum má sjá greiðsluseðla sem eru komnir í netbankann. Athugið að greiðsluseðlar koma oft ekki inn í netbankann fyrr en stuttu fyrir gjalddaga. Hægt er að velja útgjaldaliði úr þessum lista til að bæta við netdreifingu.

Netdreifing - Útgjaldaliðir (skref 1 af 3)

Hjálp

Athugið að ef fleiri en einn greiðsluseðill finnst frá sama viðtakanda þá er upphæð þeirra lögð saman og birt hér sem ein tala.
Í "Aðrir mögulegir útgjaldaliðir" getur þú sótt óreglulega útgjaldaliði sbr. tryggingar og LÍN og bætt þeim við Netdreifingaráætlun þína.

Útgjaldaliðir Áætlun Staðfesta

Nýr útgjaldaliður

Greiðsluseðlar í boði fyrir þig

Skýring	Greiðandi	Viðtakandi	Nýjasta upphæð	Aðgerðir
Leikskóli	Jón Jónsson	Reykjavíkurborg	59.695 kr.	
Tryggingar	Jón Jónsson	Vátryggingarfélag Íslands hf.	19.689 kr.	
Skuldabréf	Guðrún Jóns dóttir	Íbúðalánasjóður	9.031 kr.	
Skuldabréf nr. 0XXXX-XXXXXX	Guðrún Jóns dóttir	Arion banki	18.857 kr.	
Bifreiðagjöld	Jón Jónsson	Ríkissjóðstekiur, innheimta	21.360 kr.	

= Velja greiðsluseðil

Velja aðra mögulega greiðsluseðla úr lista

Greiðsluseðill að eigin vali

<< Til baka

Þegar valinn hefur verið greiðsluseðill sem bæta á við færðu eftirfarandi mynd upp:

Nýr útgjaldaliður

Greiðandi Viðtakandi

Skýring Greiðsludagur Tíðni greiðslna

Upphæð

jan	feb	mar	apr	maí	jún
0	0	0	0	0	0
júl	ágú	sep	okt	nóv	des
0	0	0	60514	0	0

Hér getur þú sett þína eigin skýringu á útgjaldaliðnum í reitinn „Skýring“. Gott er að setja til dæmis númer skuldabréfs eða nafn viðtakanda greiðslu. Hægt er að velja hvort greiðsluseðill greiðist á gjalddaga eða þremur dögum fyrir eindaga sem við mælum með. Ef um er að ræða útgjöld sem ekki eru í hverjum mánuði eða mishá eftir mánuðum skal velja í „Tíðni greiðslna“ annað. Þá er hægt að setja réttar upphæðir fyrir hvern mánuð. Þegar þessu er lokið er valið skrá og þá er viðkomandi greiðsla komin inn á áætlun í Netdreifingu. Þetta þarf svo að endurtaka fyrir alla útgjaldaliði sem bæta á inn í áætlunina.


Ef valið er „Velja aðra mögulega greiðsluseðla úr lista“ má sjá lista þar sem um er að ræða óreglulega útgjaldaliði svo sem frá tryggingarfélagum og LÍN. Hér er hægt að velja það sem við á og bæta við áætlunina þó svo að greiðsluseðill sé ekki aðgengilegur í netbankanum. Athugið að hér þurfið þið sjálf að áætla upphæðina og setja í réttan mánuð. Því getur verið gott að hafa eldri greiðsluseðla við höndina.

Ef valið er „Greiðsluseðill að eigin vali“ er hægt að slá inn ORC rönd á greiðsluseðli. Þetta getur til dæmis átt við ef verið er að borga fyrir maka eða barn. Athugið þó að greiðsluseðill má ekki vera kominn á gjalddaga þegar hann er settur inn í áætlunina.

2.2 Að bæta við millifærslu

Ef þú þarft að millifæra á aðra reikninga getur þú bætt því við í Netdreifingu. Það á við hvort sem það er reglulega, sömu upphæð í hverjum mánuði, eða óreglulega á þinn eigin sparnaðarreikning eða reikning annarra. Það er gert með því að velja „Bæta við millifærslu“ þá færð þú samskona mynd og hér að neðan.


Netdreifing - Útgjaldaliðir (skref 1 af 3) Hjálp

 Til að skrá sjálfvirka millifærslu velur þú reikning til að borga inn á og upphæð. Einnig getur þú valið úr lista yfir síðustu millifærslur eða vini og vandamenn. Ef greiðslan er ekki mánaðarleg velur þú „Annað“ í möguleikanum „Tíðni greiðslna“.


Útgjaldaliðir Áætlun Staðfesta

Nýr útgjaldaliður
Úttektarreikningur
0372-26- Netdreifing
Viðtakandi greiðslu

Eigin reikningar Síðustu millifærslur Vinir og vandamenn

-- Veldu -- -- Veldu -- -- Veldu -- 

Banki *	Hb *	Reikn. nr. *	Kennitala*	Textalykill
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	Millifært

Skýring*  Millifæra Tíðni greiðslna Upphæð*

1. hvers mánaðar Mánaðargreiðsla

Þú getur valið reikninga af lista yfir eigin reikninga, síðustu millifærslur eða vini og vandamenn. Þú getur líka slegið inn banka og reikningsnúmer. Í skýringu getur þú sett þína eigin skýringu eins og „vasapeningar Gunnu“. Hægt er að velja hvaða dag mánaðarins millifærslan á að eiga sér stað og hvort millifærslan á að eiga sér stað í hverjum mánuði. Ef millifærsla er óregluleg þá er valið annað í „Tíðni greiðslna“ og þá er hægt að setja inn mismunandi upphæðir eftir mánuðum.

2.3 Listi yfir útgjaldaliði

Þegar þú hefur sett upp alla greiðsluseðla og millifærslur sem þú vilt hafa í Netdreifingu sérðu lista yfir útgjaldaliðina.

Netdreifing - Útgjaldaliðir (skref 1 af 3)




Þegar öll útgjöld hafa verið skráð geturðu haldið áfram í skref 2. Ef þú ert þegar skráð(ur) og hefur eingöngu hug á að endurnýja óbreytta áætlun, smeltu þá á Áfram í skref 2.



Hjálp

Útgjaldaliðir Áætlun Staðfesta

Bæta við greiðsleðli Bæta við millifærslu Afturkalla útgjaldalið

Útgjaldaliðir

Skýring	Viðtakandi	Greiðslumánuðir	Meðalgr. á mán.	Samtals á ári	Aðgerðir
Bifreiðagjöld	Ríkissjóðstekjur, innheimta	~ F ~ ~ ~ ~ ~ A ~ ~ ~ ~	2.445 kr.	29.340 kr.	 
Fasteignagjöld	Reykjavíkurborg	~ F M A M J J A ~ ~ ~ ~	12.833 kr.	154.000 kr.	 
Hiti og Rafmagn	Orkuveita Reykjavíkur	J F M A M J J A S O N D	7.500 kr.	90.000 kr.	 
Leikskólagjöld	Reykjavíkurborg	J F M A M J J A S O N D	19.924 kr.	239.088 kr.	 
Tryggingar	Vátryggingafélag Íslands hf	~ ~ M ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~	14.052 kr.	168.630 kr.	 
Samtals			56.754 kr.	681.058 kr.	

=Greitt í mánuðinum =Ekki greitt í mánuðinum  =Breyta útgjaldalið  =Taka út útgjaldalið



Gildistími áætlunar

Áætlun til 12 mánaða Breyta gildandi áætlun

Áfram í skref 2 >>

Bláir reitir segja til um að gert er ráð fyrir greiðslu í mánuðinum en ef það er hvítt þá er ekki gert ráð fyrir útgjöldum vegna þess þáttar í viðkomandi mánuði. Athugaðu að ef þú áætlar rangan greiðslumánuð á greiðsluseðli þá verður hann samt sem áður skuldfærður á réttum tíma, ef innistæða er fyrir hendi. Það að setja greiðslu inn á rangan mánuð getur haft áhrif á stöðu reikningsins í viðkomandi mánuði en hefur ekki áhrif á heildaráætlunina.

2.3.1 Breyta eða eyða útgjaldaliðum úr Netdreifingu

Mjög einfalt er að breyta útgjöldunum eða eyða úr Netdreifingu. Þú velur einfaldlega viðkomandi táknmynd fyrir útgjaldaliðinn.  = Breyta útgjaldalið,  =Taka út útgjaldalið. Þegar þú hefur stillt öllum útgjöldunum upp skaltu velja „Áfram í skref 2“.

3. Áætlun – innborganir

Í skrefi 2 þarf að ganga frá því af hvaða reikningi á að skuldfæra yfir á netdreifingarreikning og viðeigandi upphæð valin.

3.1 Áætlun

Hér er valinn úr lista sá reikningur sem á að skuldfæra af yfir á reikning Netdreifingar. Einnig er hægt að setja inn hvenær millifærsla á að eiga sér stað, hvort það er fyrsta hvers mánaðar eða önnur dagsetning. Hægt er að millifæra mishár upphæði inn á netdreifingarreikning milli mánaða, þá er valið annað í „Tíðni greiðslna“. Netdreifingin stingur upp á mánaðarlegri upphæð en ef greiðslur eru óreglulegar eða millifært af tveimur reikningum þá er hægt að breyta þessari upphæð. Hægt að gera innborgun strax til að lækka mánaðarlegar greiðslur. Athugið að sú millifærsla er framkvæmd strax þegar áætlun er samþykkt. Þegar skuldfærslureikningur/ar hefur verið valdinn og upphæðir stilltar af eins og við á skal velja uppfærða áætlun. Þá má sjá hvernig áætlunin lítur út miðað við breyttar forsendur á innborgun á netdreifingarreikning.

Athugið að ef nota á reikning maka þarf maki að gefa leyfi. Það er hægt að gera í næsta útibúi Arion banka.

Netdreifing - Áætlun (skref 2 af 3)

Hjálp



Hér tilgreinir þú skuldfærslureikning, upphæð og hvaða dag mánaðarlega innborgun inn á Netdreifingarreikning er. Til að sjá hvernig áætlunin lítur út eftir að þú hefur stillt allar upphæðir af smellir þú á Uppfæra áætlun.

Útgjaldaáætlun Staðfest

Mánaðarleg innborgun

Skuldfærslureikningur 1*	Innborgunardagur	Tíðni	Upphæð	Innborgun núna
-- Veldu reikning --	1. hvers mánaðar	Mánaðargreiðsla	37.600	0
Skuldfærslureikningur 2	Innborgunardagur	Tíðni	Upphæð	
-- Veldu reikning --	1. hvers mánaðar	Mánaðargreiðsla	0	

Uppfæra áætlun

- Ég vil fá tilkynningar og viðvaranir í tengslum við Netdreifingu í tölvupósti (fritt).
- Ég vil fá tilkynningar og viðvaranir í tengslum við Netdreifingu í SMS (6 kr. skeytið).

Áætlun fyrir tímabilið apríl 2010 - mars 2011

Skýring	apr.	maí	jún.	júl.	ágú.	sep.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mar.	Samtals
Bifreiðagjöld	0	0	0	0	14.670	0	0	0	0	0	14.670	0	29.340
Fasteinagjöld	22.000	22.000	22.000	22.000	22.000	0	0	0	0	0	22.000	22.000	154.000
Hiti og Rafmagn	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500	90.000
Tryggingar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	168.630	168.630
Útgjöld alls	29.500	29.500	29.500	29.500	44.170	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500	44.170	198.130	441.970
Innborgun	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	451.200
Innborganir alls	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	37.600	451.200
Áætlaðir vextir	27	54	81	108	86	186	286	387	487	588	566	30	2.888
Áætlun staða	8.100	16.200	24.300	32.400	25.830	55.930	86.030	116.130	146.230	176.330	169.760	9.230	

<< Til baka

Áfram í skref 3 >>

Nauðsynlegt er að hafa annað hvort gsm númer eða tölvupóstfang skráð í netbankanum þannig að hægt sé að senda tilkynningar til dæmis ef ekki tekst að greiða reikning eða uppfæra þarf áætlun. Gsm númer og tölvupóstfang er skráð undir „Stillingar - Almenn“ í netbankanum. Ef þú ert sátt/ur við áætlunina veldu „Áfram í skref 3“.

4. Staðfesting

Í þriðja og síðasta skrefinu er áætlunin staðfest. Skoðaðu áætlunina vel og athugaðu hvort allir þættir séu komnir inn sem þar eiga að vera.

4.1 Aðgangur fyrir maka

Maki getur fengið aðgang að yfirliti netdreifingarreiknings, áætluninni og samanburði útgjalda með því að gefa upp kennitölu og notandanafn í netbanka maka. Hægt er að afturkalla umboðið á sama stað, hvenær sem er. Ef maki þinn er ekki með netbankaaðgang hjá Arion banka getur hann sótt um slíkan aðgang í næsta útibúi.

4.2 Samþykki

Lestu yfir skilmálana og athugaðu hvort réttur skuldfærslureikningur er gefinn upp. Slá þarf inn leyninúmer skuldfærslureiknings áður en hægt er að staðfesta skráningu. Ef stofna þarf yfirdráttarheimild hakaðu við þann lið til að samþykkja. Athugaðu að þú greiðir aðeins fyrir þá heimild sem þú notar hverju sinni. Ef um miklar sveiflur í útgjöldum er að ræða getur verið að þú þurfir hærri heimild en þá sem netbankinn afgreiðir sjálfkrafa. Þá velur þú „Sækja um heimild“ og þá er heimildarþörfin metin og haft samband innan sólarhrings í skilaboðaskjóðu netbankans eða í tölvupósti hafir þú skráð netfang þitt og hakað við „Ég vil fá tilkynningar og viðvaranir í tengslum við Netdreifingu“. Um leið og heimild liggur fyrir getur þú staðfest áætlunina og Netdreifingin tekur gildi.

Aðgangur fyrir maka


Maki skráður með umboð

Jón Jónsson kt 010174-1239

Afturkalla umboð maka við staðfestingu

Mánaðarleg innborgun

Skuldfærslureikningur	Upphæð	Næsta innborgun	Leyninúmer
301-26-123456	37.600 kr.	01.04.2010	<input type="text"/>

Ég samþykki að stofnuð verði yfirdráttarheimild að upphæð 250.000 kr. á Netdreifingarreikning minn. 

<< Til baka

Staðfesta skráningu

4.2.1 Staðfesting

Þegar allt er tilbúið, velur þú „Staðfesta skráningu“ og þá stofnast nýr netdreifingarreikningur á þínu nafni. Reglulegar millifærslubeiðnir verða til og beingreiðslusamningar stofnast þannig að greiðsluseðlarnir greiðast út af netdreifingarreikningnum frá og með næstu mánaðamótum. Skilaboðahólfid í netbankanum birtir staðfestingu á stofnuninni og ef þú hefur gefið upp netfang þá færðu einnig staðfestingu með tölvupósti. Við mælum því með því að skrá netfangið, þannig er þægilegt að fylgjast með öllum tilkynningum er tengjast netdreifingu.

5. Eftir skráningu

Mælt er með því að fylgjast reglulega með fjármálunum. Auðvelt er að fylgjast með útgjöldum í netbankanum undir „Greiðsluþjónusta“/„Samanburður útgjalda“. Þar eru borin saman áætluð útgjöld við raunveruleg útgjöld og því auðvelt að fylgjast með milli mánaða.

Í viðskiptasögu er hægt að skoða hvern útgjaldalið fyrir sig sem og sjá hvernig staða greiðslu er, hvort greitt hafi verið og hversu mikið. Ef greiðsluseðill er ógreiddur birtist hann efst í listanum í rauðu lettri.

Þú getur alltaf breytt og bætt við áætlunina með því að fara í gegnum skrefin þrjú aftur. Það er þó ekki heppilegt að breyta áætluninni um mánaðamót heldur frekar seinnihluta mánaðar. Þá getur þú valið hvort áætlunin endurnýjast til 12 mánaða eða hvort bætt er við núverandi áætlun og virkt tímabil klárað. Ef þú bregst ekki við þegar raunverulegar upphæðir hækka umfram áætlun þá getur þú lent í því að reikningarnir greiðast ekki ef ekki er næg innstæða á netdreifingarreikningi.

5.1 Aðstoð og leiðbeiningar

Sérfræðiaðstoð má nálgast í Þjónustuveri Arion banka í síma 444 7000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið info@arionbanki.is.